

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Fundur trúnaðarráðs 22. mars 2022 kl. 19.00

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Harpa Björnsdóttir (HB), Valva Árnadóttir (VÁ), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Áslaug Jóna Marinósdóttir (ÁJM), Hildur Bjarnason (HBj), Indriði H. Þorláksson (IHÞ), Kári Jónasson (KJ), Pétur Gunnarsson (PG)

Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) sat fundinn með fjarfundabúnaði.

Boðuð forföll: Sigrún Pálsdóttir (SP), Birna Imsland (BI), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Þórhildur Sigurðardóttir (PS)

Fjarverandi: Kristín Waage (KW), Guðni Gunnarsson (GG), Aldís Aðalbjarnardóttir (AA), Sigurður Magnússon (SM).

1.	Fundur settur - Fundargerðir	Formaður FR setur fund og býður fundarfólk velkomið. Núverandi ritari HB gerir grein fyrir 3 fundargerðum frá 15.7.2021, 18.10.2021 og 2.12.2021, sem átti eftir að samþykkja formlega og liggja nú fyrir til umræðu og samþykktar. Allar 3 fundargerðirnar samþykktar.	U Á	Friðrik Harpa
2.	Störf Kjaranefndar	SSS formaður Kjaranefndar gerir grein fyrir starfi nefndarinnar undanfarið. Það eru óþarflega mörg óafgreidd mál á vegum LS og hafa þau flest strandað á kjaraútreikningum. SSS hefur fengið umboð stjórnar til að leita til lögfræðings með úrvinnslu erfiðustu málanna, en áður en mál fara til hans þarf að vera búíð að reikna út rétt laun miðað við gildandi samninga. SSS leggur til staðlað form við úrvinnslu og þegar máli sé lokið sé persónulegum upplýsingum eytt í samræmi við persónuverndarlög. Einnig hefur Kjaranefnd nú fengið sitt eigið netfang þangað sem senda má mál beint til úrlausnar; kjaranefnd@touristguide.is Annað aðalverkefni Kjaranefndar hefur verið að gefa umsögn til Vinnumálastofnunar þegar aðilar erlendis frá sækja hér um vinnu, eða fyrirtæki fyrir þeirra hönd. Slíkar umsóknir fá yfirleitt jákvæða umsögn frá LS ef gögn (t.d. ráðninga-samningur) og góður rökstuðningur fylgir, en ef álitamál eru um ráðningasamninginn þá hefur Kjaranefnd neitað umsögn.	U	Snorri

		<p>Kjaranefnd hefur farið yfir kjarasamninga LS og leggur til einföldun þeirra, en ætla fyrst að leita til ASÍ og fá leiðbeiningar um hvort hægt sé að taka ákveðin atriði út.</p> <p>Haft hefur verið samband við lögfræðing SAF vegna samningaviðræðna í haust en þar á bæ eru menn ekki tilbúnir í viðræður fyrr en í lok sumars, vilja sjá hvernig sumarið kemur út hjá ferðapjónustunni.</p> <p>Í kjarasamningunum í haust leggur SSS til tvískiptingu viðræðunefndar, þ.e. stofna nokkurra manna nefnd sem fer á fundi með SAF og svo stærri hóp eða bakland sem vinnur með þeim og tekur allar tillögur til skoðunar. Skipa þarf í viðræðunefndina sem fyrst, því í lok maí eru í boði hjá ríkissáttasemjara námskeið í samningaviðræðum sem æskilegt væri að aðilar í viðræðunefndinni tækju þátt í.</p>	Á	Stjórn Trúnaðarráð
3.	Lagabreytinganefnd	<p>Indriði hefur leitt starf lagabreytinganefndar og fer hann yfir starf hennar. Unnið hefur verið heildstætt með öll lögín út frá tillögum sem komu fram fyrir aðalfundinn síðasta vor og einnig út frá tillögum sem bárust sérstaklega frá fyrri stjórn og eins Fagdeild almennrar leiðsagnar. Aðalfundur 2021 samþykkti að vísa öllum tillögum til þessa sérstaka starfshóps til úrvinnslu og hefur hann hist oft og unnið markvisst að þessu verkefni. Starfinu er svo gott sem lokið og hefur lögfræðingur ASÍ yfirfarið tillögurnar. Skv. þeim er m.a. lagt til að allir félagar í LS greiði sérstakt lágmarks aðildargjald og einnig er ákveðnari rammi settur vegna sjálfstætt starfandi leiðsögumanna. Verða tillögurnar sendar stjórn og trúnaðarráði til kynningar á næstunni.</p> <p>Yfirfara þarf reglugerðir Sjúkrasjóðs og Endurmenntunarsjóðs líka til samræmis.</p> <p>Stefnt er að því að kynna lagabreytingarnar fyrir félagsmönnum á sérstökum félagsfundi þann 5. apríl næstkomandi. Einnig verða þær kynntar á heimasíðu félagsins. Eftir það gefst félagsmönnum kostur á að leggja til frekari lagabreytingar innan ákveðinna tímamarka, og svo verða tillögurnar lagðar fyrir til endanlegrar samþykktar á aðalfundinum 26. apríl.</p> <p>Nokkur umræða um þróunina frá 2017, þegar í lögunum var einkum lögð áhersla á stéttarfélagsþáttinn en faglegi þátturinn settur í hendur</p>	U Á Á	Indriði Indriði Stjórn Stjórn

		<p>Fagdeildarinnar. Með stofnun Fagráðs 2020 skiptust verkefni milli þeirra. Með tímanum hefur Fagdeildin einangrast og núverandi stjórn hennar telur sig ekki hafa neitt raunverulegt hlutverk. Skv. núverandi breytingatillögum mun hvíla meiri skylda á stjórn LS að sinna faglegum málefnum.</p> <p>Rætt um mikilvægi þess að allir félagar Leiðsagnar fái skírteini félagsins og njóti þeirra afsláttarkjara sem í boði eru. HB segir frá því að þessa dagana er stjórn að undirbúa gerð rafrænna skilríkja fyrir alla féлага LS. Skilríki Fagdeildar verða áfram á hennar vegum og eins að sjá um skjöldinn sem faglærðir leiðsögumenn hafa rétt á að bera.</p> <p>ÁJM spyr hvor unnið hafi verið að því að fá aðrar fagdeildir inn í félagið, t.d. fjallaleiðsögumenn og hreindýraleiðsögumenn o.fl.? Fundað hefur verið í vetur með Félagi fjallaleiðsögumanna til að skapa góð tengsl, en án umræðu um samruna. SSS telur að hingað til hafi ekki verið vilji hjá þessum litlu félögum að ganga í LS, þó vitað sé að margir nota kjarasamninga Leiðsagnar til viðmiðunar, t.d. hvalaskoðunarleiðsögumenn hjá stéttarfélaginu Framsýn og eins jökla- og fjallaleiðsögumenn, enda fátt annað að miða við í þessum sérhæfðu störfum. Þykir æskilegt að taka upp viðræður við alla þessa aðila og kanna hug þeirra til inngöngu.</p>	Á	Stjórn
4.	Aðalfundur 26.apríl Kjörnefnd	<p>Ákveðið hefur verið að halda aðalfund þriðjudag 26. apríl kl. 19 í húsakynnum að Stórhöfða 29. Ársreikningar verða tilbúnir um mánaðarmótin mars/apríl og einnig lagabreytingatillögur og nýjar siðareglur. Samþykkt að leita til Halldórs Oddssonar lögfr. ASÍ sem fundarstjóra og Ásgeirs Sverrissonar sem ritara.</p> <p>Velja þarf 3 aðila í Kjörnefnd; - eftir nokkur skoðanaskipti eru fundarmenn sammála um að hafa Kjörnefnd óháða núverandi stjórn og trúnaðarráði. Niðurstaðan er að stungið er upp á Guðmundi Erni, Ragnheiði Ármannsdóttur og Pétri Gauta fyrrverandi formanni, og verður leitað til þeirra. Hlutverk Kjörnefndar er að leita eftir framboðum til hinna ýmsu trúnaðarstarfa innan félagsins, en einnig er öllum félagsmönnum gefinn kostur á því að bjóða sig fram í fyrsta fundarboði sem fer út á næstu dögum. Kjósa þarf tvo fulltrúa í stjórn til tveggja ára, fjóra varamenn til eins árs, aðal- og varamenn í trúnaðarráð (sex fulltrúa í hvort, alla til eins árs) og fulltrúa í ýmsar fasta-</p>	Á Á Á	Stjórn Friðrik Snorri Friðrik Snorri Guðný Friðrik Snorri

		nefndir og aðrar stöður. Gera þarf ítarlegan lista yfir hvaða trúnaðarstörf þarf að manna og kanna hverjir hafa hug á að bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Taka FR og SSS það að sér. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir aðalfund, eða 11. apríl.		
5.	Afmælisárið	SSS er of önnum kafinn til að geta haldið áfram að leiða vinnu vegna afmælisundirbúnings, en þau sem voru með honum í teymi eru tilbúin til að halda áfram undirbúningi. FR segir frá fundi með Bryndísi Kristjánsdóttur og umleitan stjórnar um að hún taki að sér að leiða vinnuna vegna afmælisársins, en hún hefur ekki gefið endanlega svör og þarf stjórn að kalla hana aftur á sinn fund. ÁJM segir frá vinnu sinni við að finna og gera lista yfir alla núlifandi stofnfélaga, og er samþykkt að heiðra þá alla í tilefni 50 ára afmælisins. Talið æskilegt að það verði gert í kringum sjálfan afmælisdaginn 6. júní. Í haust verður svo málþing og vonandi sér ráðherra ferðamála, viðskipta- og menningarmála sé fært að ávarpa málþingið. FR segir frá fundi með ráðherra, Lilju Dögg Albertsdóttur, sem var mjög jákvæð gagnvart hlutverki og mikilvægi leiðsögumanna.	U Á Á	Friðrik Stjórn Stjórn
6.	Önnur mál	a) PG minnir á að það sé einungis Leiðsögn sem sé með samningsréttinn við SAF, en margir aðrir noti okkar samninga. Ef félagið vinnur góða vinnu fyrir sína félagsmenn þá verður það aðlaðandi kostur fyrir hina ýmsu aðila sem starfa við leiðsögn að ganga líka í félagið, og það er okkar hlutverk að gera félagið að slíkum kosti.		
	Fundi slitið 20:00			

Fundargerð þessi var send fundarmönnum í tölvupósti fljótlega eftir fundinn og gerði enginn athugasemd nema Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður í stjórn sem var ósátt við lið 4.

Fundargerðin var því lögð fram til frekari umræðu á fundi trúnaðarráðs 25.4.2022 og samþykkt á ný af öllum fundarmönnum nema GME. Vill hún ítarlegri frásögn í annarri málsgrein í lið 4 á meðan aðrir fundarmenn telja að orðalagið dekki það sem kom fram, þ.e. að fram fóru umræður um val í kjörnefnd og skráðar niðurstöður þeirrar umræðu.

Ekki var GME sátt við þessa lýðræðislegu niðurstöðu og sendi í tölvupósti bókun, þar sem hún var á fjarfundi. Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) varaformaður lagði þá fram gagnbókun. Lagði GME þá fram gagnbókun gegn hans bókun. Áskildi ritari sér þá einnig rétt til athugasemda.

Bókun I frá Guðnýju Margréti Emilsdóttur (GME) lögð fram í tölvupósti 25.4.: „Í fundargerð HB frá trúnaðarráðsfundi Leiðsagnar haldinn þann 7. apríl vantar upprunalegu tillögu formanns að vali hans í kjörnefnd / uppstillingarnefnd þ.e. hann valdi sjálfan sig FR, varaformann SSS og fyrrverandi formann PGV. Eins er ábótavant umræðan sem átti sér stað í kjölfarið þ.e. hagsmunaárekstrar, kynjahlutfallið og gengur þvert á lög Leiðsagnar þ.e. formaður hefði átt að varpa fyrirspurn til trúnaðarráðsmanna hvort þeir hefðu einhverjar tillögur að vali félagsmanna í kjörnefnd / uppstillingarnefnd. Ég spurði bæði Magnús Norðdahl og Halldór út fundarritun á umræddum fundarlið og svöruðu þeir báðir að umræðan ætti að koma fram í fundargerðinni, þ.e. ekki bara niðurstaðan. Breytingin sem varð á vali trúnaðarráðs í kjörnefnd er fordæmisgefandi, og þess vegna er mikilvægt að hún komi fram í fundargerðinni.“

Gagnbókun Snorra Steins Sigurðssonar (SSS): „Ég vill leggja fram mótbókun: Vegna fundargerðar um tillögu sem GME vísar í. Þessi tillaga var ekki formanns heldur vanhugsuð tillaga varaformanns vegna þess að hann gerði sér ekki nægilega góða grein fyrir hlutverki Kjörnefndar. Um leið og þessi umræða fór á stað bendir GME á hve óeðlilegt væri ef formaður, varaformaður og fyrrverandi formaður væru í kjörnefnd, sem eru rétt rök og voru FR og SSS þessum rökum algjörlega sammála, bæði hvað varðar kynjahlutfall, hagsmunaárekstra og að einstaklingar sem sitja í stjórn eða trúnaðarstörfum ættu ekki að vera í kjörnefnd, rétt eins og GME nefndi. Þá var nöfnum varpað upp um hverjir ættu að vera í kjörnefnd og GME leggur til að Sigrún Páls, (sem situr í stjórn) taki sæti í kjörnefnd, sem er algjör mótsögn miðað við þessar yfirlýsingar GME. Mikilvægt er að trúnaðarráði sé treyst til að taka ákvarðanir, sem trúnaðarráðið gerði eftir athugasemdir allra viðstadra.“

Bókun frá GME: „Mótbókun á mótbókun Snorra: Sigrún Páls gegnir trúnaðarstarfi fyrir Leiðsögn rétt eins Ragnheiður Ármanns og Pétur Gauti sem sitja í kjörnefnd 2022; tillaga að lagabreytingum sem verður lögð fyrir félagmenn á aðalfundi þann 26. apríl 2022 hefur enn ekki verið meitluð í lög Leiðsagnar. Ein af tillögum lagabreytinga tekur á að félagmenn sem gegna trúnaðarstörfum geta ekki gefið kost á sér í kjörnefnd / uppstillingarnefnd.“

Athugasemd ritara: „Þessi bókun GME á við fundargerð frá 22.3 en ekki 7.4 eins og segir í bókun hennar, enda enginn trúnaðarráðsfundur haldinn þann 7.4. Ekki er vani að skrá allar samræður sem fara fram um ákveðin málefni í fundargerð, heldur draga saman helstu atriði og niðurstöðu, eins og hér var gert. Að rekja hvert smáatriði í samræðum eins og GME fer fram á er ekki vinnandi vegur. Sifelldar bókanir til að koma að sem nákvæmstu eigin orðalagi, eða halda áfram umræðum sem er í raun lokið og hafa hlotið lýðræðislega afgreiðslu, eru ekki dæmi um góð vinnubrögð og sýna ekki vilja til að stuðla að góðum fundarháttum og samlyndi.“

Staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari